

Múlaþing
Sóley Valdemarsdóttir
Lyngáasi 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 23. maí 2023
UST202304-183/B.S.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - skógrækt

Vísa er til erindis Múlaþings dags. 17. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirætlanir um skógrækt í landi Davíðsstaða á Héraði.

Umhverfisstofnun vill benda á að á norðlægum slóðum er margfalt meira kolefni bundið í jarðvegi en í skógum jarðar. Besta loftslagsaðgerðin að mati Umhverfisstofnunar er því sú að vernda jarðveginn í stað þess að raska honum með framræslu eða þurrkun sem óhjákvæmilega mun fylgja gróðursetninu aspar við votlendi. Því ekki þarf að fjölyrða um þurrkahrif asparinnar.

Á Héraði háttar svo til að á láglendi einkennist landslag af klettaásum eða hvalbökum og milli þeirra er oft votlendi eða tjarnir.

Umhverfisstofnun hefur áður bent á að þegar um kolefnisbindingu með trjágróðri er að ræða á að gera grein fyrir hvað er mikið kolefni bundið í jarðvegi sem gróðursetja verður í. Mun röskun votlendis auka losun? Hversu langan tíma mun taka nýgróðursett tré að hefja kolefnisbindingu? Og hversu varanleg aðgerðin sé í raun og veru. Þetta er að mati Umhverfisstofnunar nauðsynlegar forsendur til að framkvæmdin sé trúverðug.

Umhverfisstofnu vill benda á að hér er ætlunin að gróðursetja að lang mestu leyti tvær trjátegundir. Þekkt er að skógarbotn í furulundum er nánast auðn þar sem annar gróður á erfitt uppdráttar. Umhverfisstofnun telur að þessi fábreytni mun verða einsleit og ekki bæta hvorki líffræðilega fjölbreytni, hvorki gróðri né fuglalífi skila fallettra landslagi og verða mjög viðkvæmt fyrir afföllum m.a. vegna skordýra en þessi árin eru mikil afföll af sitkagreni í Noregi vegna skordýra sem drepur fjölda trjáa og sýnir hættuna sem felst í að treysta á eina eða tvær trjátegundir.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri